

Sögur bridspekings

James S. Kauder (f. 1943) er bandarískur lögmaður og spilari, höfundur tveggja bóka um brids: *The Bridge Philosopher* og *The Return of the Bridge Philosopher*. Sú fyrri kom út 1989 undir heitinu *Creative Card Play*, en var endurútgefin 2005 (Vikisphere publishing) sem *The Bridge Philosopher*. Ári síðar kom út framhaldsbókin *More of the Bridge Philosopher* frá sama forlagi.

Í hvorri bók er 61 þraut, þar sem höfundur er sjálfur í aðalhlutverki og fellir dóma á báða bóga, bæði um spilið og mennina sem spila. Greiningu á spilamenskunni kryddar Kauder með sögum af lífinu í bridsheiminum.

Undirritaður hefur þýtt nokkar sögur Kauders og fara þær hér á eftir. Sögurnar eru valdar af handahófi úr báðum bókum. Stíll Kauders er þess eðlis að annað hvort hafa menn gaman af honum eða ekki. Millivegur er vart til. Höfundur er sjálfhverfur og drýldinn, en oft hittinn á sannleikann og bráðfyndinn. Spilin eru undantekningarlaust lærdómsrík.

Guðm. Páll Arnarson

SPIL 1

Áhorfandinn

ÞAD ER góð regla þegar fylgst er með spilamennsku að horfa bara á eina hönd. En fáir áhorfendur eru svo kurteisir.

Í rúbertubrids tek ég upp venjulega skammtinn minn:

Austur

♠ 87532

♥ G8642

♦ 76

♣ 2

Það eru allir á hættu. Á meðan ég dvel við þá hugsun hversu glæsileg höndin mín væri án hjartagosans, þá missir áhorfandinn áhuga á spilunum mínum og beinir athygli sinni að norðri, sem er mér til hægri handar. Ég vissi þá þegar að ég væri með léleg spil. Nú vita það allir.

Norður opnar á 2♣, alkröfu. Það var uppörvandi!

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Kaudei</u>	<u>Suður</u>
--	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	3 ♣	Pass	3 ♦
Pass	3 ♥	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Makker kemur út með ♦2 og norður leggur niður tilkomumikil spil:

Norður

♠ Á

♥ ÁKD3

♦ ÁK

♣ K97543

Austur

♠ 87532

♥ G8642

♦ 76

♣ 2

♦2

Möguleikarnir á því að hnekkja 3G eru nánast engir. Nú jæja, þeir sögðu alla vega ekki slemmu.

Áhorfandinn rís á fætur til að ná sér í kaffi og sætir lagi að rýna í spil suðurs í nokkar sekúndur (tvær hendur eru ekki nóg, hann verður að sjá þrjár). Að því loknu brosir áhorfandinn hughreystandi við norðri og lyftir upp fjórum fingrum. Frábært! Það standa sem sagt fjögur grönd.

Blindur fær fyrsta slaginn á \diamond K. Sagnhafi leggur niður spaðaás og spilar laufi á drottninguna heima og ás vesturs. Makker spilar aftur tígli og blindur á slaginn á ásinn.

Staðan er þá:

	Norður	
	♠ -	
	♥ ÁKD3	
	♦ -	
	♣ K9754	
Vestur		Austur
♠ G		♠ 8753
♥ 97		♥ G8642
♦ D8		♦ -
♣ G1086		♣ -
	Suður	
	♠ KD106	
	♥ 105	
	♦ G109	
	♣ -	

Sagnhafi tekur laufkónginn í borði, ég hendi spaða og suður hendir tígli. Nú tekur sagnhafi Á-K-D í hjarta og reynir síðan að spila sér út á hjartaþristi. En ég læði tvistinum undir þristinn, þannig að hjartaþristurinn á slaginn! Makker tekur síðustu fjóra slagina á \diamond D og G-10-8 í laufi.

Við höfum tekið 3G einn niður.

Norður

♠ Á
♥ ÁKD3
♦ ÁK
♣ K97543

Vestur

♠ G9
♥ 97
♦ D842
♣ ÁG1086

Austur

♠ 87532
♥ G8642
♦ 76
♣ 2

Suður

♠ KD1064
♥ 105
♦ G10953
♣ D

Það er freistandi að missa móðinn með léleg spil, en augnabliks einbeitingarskortur er oft dýrkeyptur. Maður má aldrei að slaka á við spilaborðið. Ef austur tekur fjórða hjartaslaginn, verður hann að spila spaða og gefa suðri síðustu þrjá slagina.

“Hnekkstu þið 3G?” spyr áhorfandinn þegar hann kemur aftur úr eldhúsinu. Við neyðumst til að fara yfir vörnina, lið fyrir lið, til að svala forvitni áhorfandans.

“Er þér sama þótt ég horfi á þig?” spyr áhorfandinn.

“Þó það nú væri,” svara ég, “sönn ánægja.”

SPIL 2

Óheppni spilarinn

MAKKER MINN þessa rúbertuna hefur kvartað látlaust undan lélegum spilum og slæmri legu. En satt best að segja, eru ófarir hans meira og minna sjálfskaparvíti. Ég er í austur og tek upp:

Austur

- ♠ D83
- ♥ 9
- ◇ D986
- ♣ ÁKG94

Allir á hættu. Suður, mér til vinsti handar, opnar á einu hjarta. Makker yggir sig og stynur upp passi. Norður hækkar í 2♥ og suður segir fjögur:

Vestur	Norður	Kauder	Suður
-	-	-	1 ♥
Pass	2 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Makker kemur út með lauftvist og norður leggur niður heldur blóðlítill spil:

Norður

- ♠ K42
- ♥ 75432
- ◇ 754
- ♣ 83

♣2

Austur

- ♠ D83
- ♥ 9
- ◇ D986
- ♣ ÁKG94

Ég tek á kóng og ás í laufi og drottningin kemur önnur frá sagnhafa. Ef suður á fimmlit í hjarta er skipting hans sennilegast 3-5-3-2, 4-5-2-2 eða 2-5-4-2.

Ég sé enga brýna þörf á því að spila tígli strax. Ef við eigum tvo slagi á tígul, þá fara þeir ekki neitt. Hugsanlega þarf sagnhafi að spila tígli sjálfur og hann á greinilega ekkert allt of margar innkomur í borð svo það er ástæðulaust að hjápa honum. Ég trompa því út.

Sagnhafi tekur ♡ÁK og drottningin kemur önnur frá makker. Suður spilar næst ♡6 yfir á sjöuna í borði.

Norður

♠ K42
♡ 75432
◇ 754
♣ 83

Vestur

♠ 10965
♡ D8
◇ Á32
♣ 10752

Austur

♠ D83
♡ 9
◇ D986
♣ ÁKG94

Suður

♠ ÁG7
♡ ÁKG106
◇ KG10
♣ D6

Þegar sagnhafi spilar næst tígli á gosann, set ég níuna til að sýna fjórlit, en makker tekur með ásnum og spilar tígli um hæl. Það er hjálplegt fyrir sagnhafa og hann vinnur 4♡ með því að svína spaðagosa.

Það er tilgangslaust að segja makker að hann hefði getað hnekkkt samningnum með því að bíða með tígulásinn. Hann er nógu æstur þegar.

(Ef vestur dúkkar tígulgosann, fer sagnhafi inn í borð á spaðakóng og endurtekur tígulsvíninguna. Vestur tekur þann slag og spilar aftur tígli, sem þýðir að sagnhafi er frosinn heima og getur ekki svínað í spaða.)

Suður minnir á að hann hafi verið með “hundrað í hónórum” (fjóra af fimm efstu í trompi) og makker heldur áfram að sífra: “Ég hef aldrei orðið vitni að öðrum eins grís, tvær svíningar heppnast og trompið liggur eins og klessa. Það er allt á móti mér. Hve lengi á þessi óheppni að elta mann?”

Óheppi! Þvílík öfugmæli. Vestur má teljast stálheppinn að vera á móti makker með mitt jafnaðargeð. Og norður og suður voru heppnir að vinna geim sem hægt var að hnekkja. Í raun var aðeins einn óheppinn spilari við borðið.

SPIL 3

Nemandinn

MÉR FINNST gaman að spila við nýliða. Sakleysið er heillandi og ég læt ekki kunnáttuleysið trufla mig. Spilamennska byrjenda er oft stórskemmtileg, sem og spuringarnar á eftir - þær geta bjargað deginum.

Í tvímenningi með byrjenda sem makker tek upp þessi spil í suður:

Suður

♠ KG10975

♥ 8

♦ G4

♣ KDG6

Við erum á hættu, andstaðan utan hættu. Með skiptinguna 6-4-2-1 og slagarík spil er ég sennilega of góður í veika tvo. En aðrir kostir höfða ekki til mín - einn spaði eða pass - og því opna ég á 2♠. Vestur hikar í fullar 10 sekúndur og allnokkrar í viðbót, en passar á endanum. Það er greinilegt að hann á eitthvað af punktum. Norður passar og austur líka:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauder</u>
-	-	-	2 ♠
Pass	Pass	Pass	

Vestur kemur út með ♦3 og norður leggur niður:

Norður

♠ D2

♥ Á10642

♦ D65

♣ 1095

Suður

♠ KG10975

♥ 8

♦ G4

♣ KDG6

Úr því að ég græði ekkert á því að fría þriðja tígulinn ákveð ég að stinga ♦D upp í blindum.

Það hentar mér ágætlega að fá á mig þrisvar tígul og með því að stinga upp drottningunni geri ég vörninni auðveldara fyrir. En austur hefur önnur áform. Hann tekur á \diamond Á og skiptir yfir í \clubsuit 8. Ég læt lítið lauf, vestur tekur á ásinn, spilar laufi áfram og ég fæ slaginn heima.

Ég spila smáum spaða á drottninguna, sem heldur. Áfram spila ég spaða og nú drepur vestur og dregur feldinn yfir haus.

Norður

♠ D2
♥ Á10642
♦ D65
♣ 1095

Vestur

♠ Á63
♥ K953
♦ K1073
♣ Á2

Austur

♠ 84
♥ DG7
♦ Á982
♣ 8743

Suður

♠ KG10975
♥ 8
♦ G4
♣ KDG6

Á endanum skriður vestur undan feldinum og spilar nú *litlum* tígli í þeirri viðleitni að koma austri inn til að spila laufi. En það er ég, en ekki austur, sem fæ slaginn á tígulgosa og þar með tvo yfirslagi.

Það er oft góð hugmynd að stinga upp drottningu með Dxx á móti Gx og líka með Dxx á móti tveimur bláhundum. Og það er örugglega rétt að spila drottningunni með Dx á móti Gx eða xx.

Segjum að tígulstaðan í spílinu hafi verið þessi:

	Norður ◇ D65	
Vestur ◇ K1073		Austur ◇ ÁG82
	Suður ◇ 94	

Láti sagnhafi lítið ur borði í fyrsta slag, mun austur taka á gosann. Það verður þá auðvelt fyrir vestur þegar hann kemst inn á spaðaás síðar að spíla tígli til makkers. Ef sagnhafi stingur hins vegar upp drottningunni, verður mun þyngra fyrir vestur að spíla undan tígulkóng.

Makker minn, nýliðinn, var áhyggjufullur eftir spílið.

“Átti ég að melda meira? Var það mér að kenna að við misstum geim?”

Nei” svara ég og reyni að brosa ekki. “Það var rétt hjá þér að passa. Við vorum heppnir að vinna fjóra.”

SPIL 4

Íhlaupamaðurinn

ÞETTA SPIL kom upp í Mayfair klúbbnum í New York borg árið 1965. Harry Fishbein - sem alltaf kom vel fram við mig - þurfti að skreppa frá og bað mig að taka nokkur spil fyrir sig á meðan. Þannig æxlaðist það að ég var skyndilega farinn að spila upp á stórfé í staðinn fyrir lúsabítina sem var vanur að spila með jafnöldrum mínum. Spilafélagar mínir við borð Fishbeins voru þrjár eldri dömur.

Ég var í vestur og tók upp.

Vestur

- ♠ 5
- ♥ ÁG10842
- ♦ G54
- ♣ ÁD2

Norður, mér til vinstri handar, passaði og makker líka. Suður, mér til hægri handar, vakti á 1♦. Ég hafði auðvitað engan tíma haft til að ræða stökkinnákomur við makker. En hvað um það. Ég stekk í 2♥. Norður segir 2♠ í léttum tóni og makker passar. NS enda loks í fimm tíglum:

Kauper	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♦
2 ♥	2 ♠	Pass	3 ♦
Pass	4 ♦	Pass	5 ♦
Pass	Pass	Pass	

Mér líst ekki á að spila frá göfflumum í hjarta eða laufi, þannig að ég vel einspilið í spaða. Það útspil kostar varla nokkuð, því spaðinn skiptist mjög líklega 5-5-2-1 við borðið:

Norður

♠ ÁD962

♥ 76

♦ KD

♣ G983

Vestur

♠ 5

♥ ÁG10842

♦ G54

♣ ÁD2

Sagnhafi lætur lítinn spaða úr borði, makker sjöuna og suður tekur slaginn á kóng. Sagnhafi tekur ♦KD og makker hendir litlu laufi í síðari tígulinn, svo það er ljóst að suður hóf lífsgönguna með sjö tromp. Eftir stutta umhugsun, spilar sagnhafi nú hjarta úr blindum. Makker lætur níuna, suður kónginn og ég tek slaginn með ás. Tími til að staldra við og telja upp hendur.

Suður hefur sýnt sjö tígla. Með kónginn blankan í spaða hefði hann þá þegar verið búinn að taka á ♠ÁD, svo hann á örugglega tvílit. Makker setti ♥9, væntanlega í þeirri viðleitni að sýna tvílit, en þá á sagnhafi þrjú hjörtu - ♥KDx. Skipting sagnhafa ætti þá að vera 2-3-7-1.

Það kostar ekki slag að spila ♥G, en dugir varla til að hekkja geiminu: sagnhafi fær sjö slagi á tromp, þrjá á spaða og einn á hjarta, samtals ellefu.

Nei, hjarta gengur ekki. Til að berja þetta niður verð ég að spila undan ♣ÁD í þeirri von að makker eigi kónginn. Þá fæ ég þriðja varnar-slaginn með stungu:

Norður

♠ ÁD962

♥ 76

♦ KD

♣ G983

Vestur

♠ 5

♥ ÁG10842

♦ G54

♣ ÁD2

Austur

♠ G10873

♥ 95

♦ 2

♣ K7654

Suður

♠ K4

♥ KD3

♦ Á1098763

♣ 10

Þetta spil fékk farsælan endi fyrir sagnhafa. Makker fór að vísu upp laufkóng, en spilaði hins vegar *hjarta* til baka! Sagnhafi drap á ♥D, tók af mér síðasta trompið og henti hjarta niður í spaðadrottningu. Ellefu slagir.

Venjulega held ég mér saman þegar makker klúðrar í vörninni. En í þetta sinn stóðst ég ekki mátið.

“Sjáðu til,” sagði ég. “Þegar makker þinn spilar *undan* ÁD í laufi yfir á kónginn þinn, þá er líklegt að hann meini eitthvað með því. Gastu ekki látið þér detta í hug að spila spaða?”

“Ó,” svaraði frúin. “Ert þú makker minn?”

SPIL 5

Grobbarinn

EINN SPILARINN við borðið mitt er grobbhænsn. Hann er sífellt að pikka í aðra og hlakkar yfir hverju óláni mótherjanna: Hin frábæra vörn hans var eina leiðin til að hnekkja spilinu; þeir leyfðu honum að vinna doblað geim; þeir misstu grjótharða slemmu, og svo framvegis. Jú, jú, hann er góður spilari, það vantar ekki; en hann virðist hafa mestan áhuga á að sóla sig á kostnað annarra. Ég efast um að hann þoli mótlæti vel.

Sem suður tek ég upp þessa hönd:

Suður

♠ Á3
♥ ÁK9
♦ 875
♣ D9853

Ég opna á 1♣. Makker svarar með 1♦, ég segi 1G og hann lyftir í þrjú:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauper</u>
-	-	Pass	1 ♣
Pass	1 ♦	Pass	1 G
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

Grobbarinn í vestur spilar út ♠2 og makker leggur upp:

Norður

♠ K7
♥ 832
♦ ÁDG96
♣ Á74

Suður

♠ Á3
♥ ÁK9
♦ 875
♣ D9853

Ekki slæmt! Það verður létt verk að vinna 3G nema austur eigi K10xx í tígli. Get ég gert eitthvað í þeirri stöðu?

Er hægt að ráða við tígul fjórlitinn í bakhöndinni? Ég gæti svo sem spilað laufinu. Fjórir slagir á lauf duga. En vandinn er sá að ég veit ekki hvort tígullinn liggur illa og ég hef ekki efni á að gefa vörninni slag á lauf þegar yfirgnæfandi líkur eru á að tígulinn skili fjórum slögum.

Ég ætla samt að hugsa málið. Ef vestur á einspil í tígli, þá gæti skipting hans hæglega verið 4-4-1-4. (Hann kom jú út með spaðatvist, fjórða hæsta, en hefði sennilega spilað út hjarta frá fimmlit.) Það er því vel hugsanlegt að austur sé með stakt millispil í laufi.

Alla vega kostar ekkert að taka útspilið heima og fara af stað með laufdrottingu. Þetta er auðvitað blekkispilamennska, því meiningin er að taka á ásinn ef vestur fylgir með smáspili og fara svo í tígulinn.

En viti menn, vestur leggur kónginn á drottninguna. Ég drep og gosinn kemur frá austri. Nú get á sótt lauftíuna og tryggt mér fjóra slagi á lauf. Ég þarf ekki lengur á tíglinum að halda:

Norður

- ♠ K7
- ♥ 832
- ♦ ÁDG96
- ♣ Á74

Vestur

- ♠ G962
- ♥ 10654
- ♦ 4
- ♣ K1062

Austur

- ♠ D10854
- ♥ DG7
- ♦ K1032
- ♣ G

Suður

- ♠ Á3
- ♥ ÁK9
- ♦ 875
- ♣ D9853

“Þú gast hnekkst geiminu með því að láta lítið lauf í drottninguna,” sagði ég við grobbarann. “Ég ætlaði alltaf að taka ásinn.”

“Já, en ...”

“Ekkert “já-en” með það. Þú einfaldlega gafst mér spilið. Þú gafst geim á hættunni sem átti með réttu að fara tvo niður,” sagði ég.

“Það er alveg rétt,” bergmáluðu norður og austur. Þeir höfðu áður verið skotmörk fyrir hæðni vesturs og notuðu nú tækifærið til að hefna sín: “Þú kúðraðir vörninni hræðilega.”

Monthaninn þolir illa stríðni. Þegar rúbertunni lauk, skömmu síðar, mundi vestur skyndilega eftir áriðandi erindi sem hann varð að sinna. Hann stóð upp og fór.

SPIIL 6

Vingjarnlegi maðurinn

HVERS VEGNA spila ég keppnisbríds? Það er ekki vegsemdarinnar vegna. Né hef ég áhuga á að safna meistarastigum. Nei, ástæðan er félagsleg. Ég spila í mótum til að hitta fólk. Mér finnst virkilega gaman að spila bríds við vini mína og svo nýt ég þess líka að kynnast nýju fólk og eignast nýja vini.

Í svæðamóti tek ég upp sem suður:

Suður

- ♠ ÁDG95
- ♥ D3
- ♦ Á75
- ♣ 764

Þetta er síðara spilið í tvímenningi og miðað við það fyrra virðast mótherjanir ekki kunna mikið. Við erum á hættu, en þeir ekki. Ég er fyrstur til að tala og vek á einum spaða. Vestur kemur inn á tveimur hjörtum og norður stekkur í fjóra spaða. Austur passar, ég passa og vestur hugsar sig lengi um, en passar svo líka:

Vestur	Norður	Austur	Kauder
-	-	-	1 ♠
2 ♥	4 ♠	Pass	Pass
Pass			

Gegn 4♠ spilar vestur út ♣5 og norður leggur upp:

Norður

- ♠ K10874
- ♥ Á75
- ♦ G843
- ♣ K

Suður

- ♠ ÁDG95
- ♥ D3
- ♦ Á75
- ♣ 764

Það er ljóst af hinu sterka trompi blinds að vestur var ekki að hugsa um að dubla 4♠. Hann hefur vafalítið verið að velta fyrir sér að fórna.

Austur tekur laufkóng blinds með ás og skiptir yfir í ♥10. Ef ég dúkka hjartatíuna er líklegt að austur haldi áfram með litinn, sem hentar mér vel, því ég vil fá meiri tíma áður en ég tek ákvörðun í tíglinum. Gott! Austur spilar öðru hjarta og ég tek með ásnum í borði.

Ég hef þegar gefið slag á lauf og annan á hjarta, svo einhven veginn verð ég að komast hjá því að gefa tvo á tígul. Besti möguleikinn er líklega að spila tígli á ásinn. Ef vestur er með ♦Kx eða ♦Dx og hendir ekki háspilinu undir, þá get ég endaspilað hann eftir upphreinsun.

Gegn sterkari mótherjum myndi ég íhuga gaumgæfilega á hvaða tímapunkti best væri að leggja niður tígulásinn til að koma í veg fyrir afblökkeringu. En gegn þessum tiltekna spilara þá þarf ég sennilega engar áhyggjur að hafa. Vestur mun ekki afblökkera.

Ég trompa síðasta hjartað og austur fylgir lit. Þegar ég trompa næst lauf í borði, þá fylgir vestur með *tvistinum*. Þeir spila út fjórða hæsta, svo nú virðist vestur vera að sýna fimmlit. Sem er fallega gert af honum. Ég tek tvisvar tromp og vestur reynist eiga tvö. Skipting hans ætti þá að vera 2-5-1-5. Ég trompa síðasta laufið í borði og spila litlum tígli undan ásnum í þeirri von að vestur sé með stakt mannsþil:

Norður

♠ K10874
♥ Á75
♦ G843
♣ K

Vestur

♠ 62
♥ KG864
♦ K
♣ D10852

Austur

♠ 3
♥ 1092
♦ D10962
♣ ÁG93

Suður

♠ ÁDG95
♥ D3
♦ Á75
♣ 764

Jafnvel þótt vestur hefði ekki gefið mér talningu í laufinu, þá hefði ég giskað rétt á skiptinguna. Vestur hefði varla hikað yfir 4♠ með eitthvað þessu líkt:

Vestur

- ♠ xx
- ♥ KGxxx
- ♦ Kx
- ♣ D10xx

Þetta er mikilvægur punktur til að festa sér í minni. Athugull sagnhafi tekur eftir hiki og umþenkingum mótherjanna og nýtir sér slíkar upplýsingar í spilamennskunni.

Þótt vestur þekki mig ekki neitt, þá snýr hann sér að mér að spili loknu og spyr: “Hefði ég átt að fórna í fimm lauf?” Vestur er vingjarnlegur maður að eðlisfari og honum fannst sjálfsagt að spjalla við mig. Mér líkaði strax vel við manninn og hafði ánægju af að ræða við hann um spilið.

Við vestur urðum vinir. Í árána rás höfum við sést annað slagið á svæðamótum og það bregst ekki að alltaf kemur hann til mín með útrétta hönd og segir: “Hvernig hefurðu það Jim? Gaman að hitta þig aftur.”

SPIL 7

Svangi maðurinn

THIRU magar gerðir af hungruðum mönnum í bridsheiminum. Flestir láta sé næga að naga blýanta eða japla vindla. Sumir kjósa að natra í bindin sín. Og svo eru þeir sem gæða sér á sjálfum sér.

Í stórum tvímenningi mæti ég spilara sem hefur þann sið að naga neglur sínar upp að olnboga. Ég er í vestur og tek upp þessi spil:

Vestur

- ♠ K53
- ♥ D1063
- ♦ G1098
- ♣ Á2

Allir eru á hættu og suður, mér á hægri hönd, vekur á einu hjarta. Ég passa og norður svarar með einum spaða. Skömmu síðar enda sagnir í þremur gröndum:

<u>Kaude</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ♠
Pass	1 ♠	Pass	3 ♦
Pass	3 ♠	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Ég spila út tígulgosa og blindur kemur upp með:

Norður

- ♠ ÁG1086
- ♥ 4
- ♦ 63
- ♣ DG963

Vestur

- ♠ K53
- ♥ D1065
- ♦ G1098
- ♣ Á2

Makker er góður spilari vísar frá með tígultvisti og suður tekur með ás. Suður spilar laufkóng í öðrum slag. Ég tek með ásnum og makker fylgir með níunni, sem ég túlka sem fjórlit. Mér þykir þá líklegt að suður sé með skiptinguna 2-5-4-2.

Þar eð makker lét $\diamond 2$ í fyrsta slag þykist ég vita að suður hafi byrjað með þrjá efstu í litnum. Það skilar því tæplega nokkru að spila tígli áfram. En með því að spila laufi þá tek ég alla vega lauffinnkomuna á spaðalitinn.

Ég spila laufi og sagnhafi virðist taka því illa. Það ríkir þögn við borðið, sem annað slagið er rofin af daufu naghljóði - suður er að rífa í sig annan þumalputtann.

Eftir væna munnfylli, fer naglbíturinn heim á tígul og spilar spaða að \spadesuit ÁG10xx, en ég sting upp kóngnum og það markar endalokin fyrir sagnhafa.

Norður

\spadesuit ÁG1086

\heartsuit 4

\diamond 63

\clubsuit DG963

Vestur

\spadesuit K53

\heartsuit D1065

\diamond G1098

\clubsuit Á2

Austur

\spadesuit D72

\heartsuit 973

\diamond 542

\clubsuit 10874

Suður

\spadesuit 94

\heartsuit ÁKG82

\diamond ÁKD7

\clubsuit K5

Með vandaðri spilamennsku má að vísu enn vinna þrjú grönd, en níu slagir myndu ekki gefa vel af sér í tvímenningi. Í reynd - eftir að hafa gleypst í sig afganginn af þumlinum - kaus sagnhafi að dúkka spaðakónginn og svína síðar fyrir drottninguna. Það gafst ekki vel og spilið fór einn niður.

Ef vestur spilar ekki laufi eftir að hafa tekið með ásnum, verður einfalt mál fyrir sagnhafa að ná í 11 slagi með \clubsuit D sem innkomu á spaðann.

SPIL 8

Hjónin

ÁRÁSARGIRNI er ríkjandi eiginleiki í veröld keppnisspilamennskunnar. Ekki síst hjónafólki, sem er oft mjög herskátt. Hróp og köll, formælingar og jafnvel áflog milli hjóna er furðu algengt á bridskvöldum. Oft finnst manni sem hjónin líti að bridsklúbbinn sem orustuvöll til að útkjá innri málefni, frekar en sem stað þar sem spilað er á spil.

Næsta dæmi kom upp í tvímenningskeppni í hverfisklúbbnum. Ég og félagi minn höfðum fengið okkur sæti þegar við sjáum hjón koma að borðinu til okkar með alla anga á lofti í miklum rökræðum. Eftir að hafa þráttað dágóða stund um hörmungar síðustu lotu settust hjónin loks niður bjuggu sig undir að taka á móti nýjum áföllum.

Allir á hættu og norður, mér á vinstri hönd, passar. Makker passar, og suður opnar á einu hjarta. Sem vestur er ég með:

Vestur

- ♠ 10642
- ♥ K3
- ♦ ÁDG1076
- ♣ 6

Venjulega segi ég 2♦ með svona spil. En í dag er ég í tilraunaskapi, svo ég dobla. Ég er með tvo varnarslagi, og hver veit, kannski er makker með fjórlit í spaða.

Eiginkonan, mér á vinstri hönd, slakar eitt andartak á vanþóknunar-svipnum og segir stundarhátt “TVÖ HJÖRTU”. Sem sýnir vafalítið gott tromp. Makker berst í 3♣, suður passar og ég breyti í 3♦. Nú melder frúin ÞRJÚ HJÖRTU, mjög veikum rómi. Makker passar.

Þó svo að eiginmaðurinn hafi gert sér fyllilega grein fyrir því að 3ja hjarta sögn frúarinnar væri ekki meint sem geimtilraun, þá lyfti hann samt í fjögur hjörtu, sennilega til að refsa konunni fyrir athafnasemina. Sú sögn gengur til makkers, sem doblar:

Kauper	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♥
Dobl	2 ♥	3 ♣	Pass
Pass	3 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Ég spila út laufsexu og norður leggur niður þennan blindan:

Norður

♠ 53
♥ ÁG76
♦ 84
♣ D9842

Vestur

♠ 10642
♥ K3
♦ ÁDG1076
♣ 6

Mér er ekki skemmt að sjá hjartaásinn í borði. Það gæti orðið brekka að hnekkja 4♥.

Austur tekur fyrsta slaginn á ♣Á og suður lætur kónginn undir. Makker spilar ♣7 í öðrum slag, sagnhafi fylgir með gosa og ég trompa. Laufsjoan er augljóslega hliðarkall í spaða. En áður en ég fylgi leiðbeiningum makkers eins og vélmenni, þá ætla að ég að staldra við og reyna að teikna upp hönd sagnhafa.

Makker á ekki fjórlit í spaða - þá hefði hann meldað 2♠ frekar en 3♣. Það þýðir að suður á fjórlit í spaða til hliðar við fimm hjörtu og tvö lauf. Hann á því skiptinguna 4-5-2-2.

Það er í lagi að spila spaða ef makker á ásinn - þá fer geimið tvo niður. En segjum að makker sé með ♠KD.

Norður

♠ 53
♥ ÁG76
♦ 84
♣ D9842

Vestur

♠ 10642
♥ K3
♦ ÁDG1076
♣ 6

Austur

♠ KD9
♥ 85
♦ 532
♣ Á10753

Suður

♠ ÁG87
♥ D10942
♦ K9
♣ KG

Ef ég spila spaða, mun sagnhafi drepa, spila hjarta á ásinn, henda tígli í ♣D og trompsvína ♣9. Hann fer svo inn í borð á ♥G og hendir ♦K í frílauf. Tíu slagir.

Nei, ég verð að taka á ♦Á fyrst, áður en ég spila spaða til að tryggja einn niður. Hvað ég geri.

Suður (sem gerir sér grein fyrir það að -200 er botn), snýr sér að konu sinni og segir henni í óspurðum fréttum að hún sé hálfviti að melda 3♥. Hún svarar með því að henda í hann öskubakka og hann lemur hana á móti með peysunni.

Indælis par.

SPIL 9

Fjórði maðurinn

EFTIR umtalsverðar rannsóknir hef ég komist að því að bridsspilarar í Kaliforníu eru um það bil hálf milljón. Þrír þeirra viðurkenna fúslega að þeir séu ekki sérfræðingar eða meistarar í spilinu.

Þetta spil er tekið úr rúbertubrids. Vinstri handar andstæðingur minn tilheyrir þeim þúsundum spilara sem telja sig til meistara. Máli sínu til stuðnings vísar hann til fjölda meistarastiga, sem hann hefur unnið sér inn á löngum keppnisferli.

Það eru báðir vængir á hættu og austur, mér á hægri hlið, vekur á einu hjarta. Sem suður tek ég upp:

Suður

- ♠ 10963
- ♥ 1063
- ♦ D54
- ♣ ÁK7

Ég passa og vestur svarar með einum spaða. Makker kemur inn á tveimur gröndum til að sýna láglitina. Austur passar og ég á að segja:

Vestur	Norður	Austur	Kauder
-	-	1 ♥	Pass
1 ♠	2 G	Pass	???

Ég á ekki mikla vörn gegn hálitageimi og þar eð makker er varfærinn spilari, sem á iðulega vel fyrir sínu, þá vel ég að stökkva í fjögur lauf ef það mætti verða til að þagga niður í næsta manni. Og hver veit, kannski eigum við geim.

Vestur	Norður	Austur	Kauder
-	-	1 ♥	Pass
1 ♠	2G	Pass	4 ♣
Dobl	Pass	Pass	Pass

Mér tekst ekki að þagga niður í vestri. Hann heldur að við séum komnir of hátt og doblar.

Vestur kemur út með $\diamond 10$ og makker leggur niður:

Norður

- ♠ G
- ♥ G9
- ◇ ÁK963
- ♣ DG1094

Suður

- ♠ 10963
- ♥ 1063
- ◇ D54
- ♣ ÁK7

Þetta virðist vera tvímenningsdobl hjá vestri, byggt á einspili í tígli. Sem er slæmt, því það lítur út fyrir að ég fari alltaf einn niður ef tígullinn er 4-1.

Ég drep fyrsta slaginn á $\diamond K$ og tek þrisvar lauf. Austur fylgir tvisvar, en hendir hjarta í þriðja trompið. Nú er orðið auðvelt að telja upp hendur mótherjanna. Austur hlýtur að eiga 2-5-4-2 og vestur þá 6-3-1-3.

Það liggur ekkert á að spila tíglinum. Ég get alltaf gefið tígulslag síðar og sætt mig við að fara einn niður. En fyrst ætla ég að reyna að grugga vatnið í von um að eitthvað hagstætt gerist.

Ég spila $\heartsuit G$. Austur lætur drottninguna og hún á slaginn. Úr því að ég spila hjartanu, ákveður austur að snúa sér að spaðanum. Hann tekur á $\spadesuit A$ og spilar svo $\spadesuit D$ næst.

Ég trompa í borði og nú er þetta staðan:

Norður

- ♠ -
- ♥ 9
- ◇ Á963
- ♣ 4

Vestur

- ♠ K875
- ♥ Á7
- ◇ -
- ♣ -

Austur

- ♠ -
- ♥ K84
- ◇ G87
- ♣ -

Suður

- ♠ 109
- ♥ 106
- ◇ D5
- ♣ -

Með einungis eitt tromp eftir í borði sýnist nú skynsamlegt að fría tígulinn og sætta sig við einn niður. En ég er ekki tilbúinn til að gefast upp strax. Ef ég spila hjarta aftur og vörnin styttir mig með enn einu hjarta, þá situr vestur eftir með eintóman spaða og verður að gefa mér slag í lokin. Og þá slepp ég líka einn niður. En á hinn bóginn, ef vörnin styttir borðið með *spaða* þá fría þeir slag fyrir mig og þá er von.

Sem sagt, það er engin þörf á því að spila tíglinum núna, þannig að ég spila bara öðru hjarta. Það gengur yfir á ás vesturs. Hann hugsar sig um í nokkra stund, en svo er eins og hann fái hugljómun. Yfir andlitið færast sigurbros og hann hlammar spaðakóngnum á borðið.

Honum tókst það! Vestur hefur með þessu rutt fyrir mig leiðina að tíu slögum. Ég trompa ♠K, fer heim á ♦D og tek ♠10. Við það þvingast austur í hjarta og tígli:

Norður

♦ Á96

Austur

♥ K

♦ G8

Suður

♠ 10

♥ 10

♦ 5

Vestur reynir hvað hann getur að réttlæta vörnina fyrir makker sínum, en ég ákveð í huganum að endurflokka vestur sem spilara. Ég set hann í minnihlutaklíkuna, meðal þeirra sem eru EKKI sérfræðingar. Þeir eru þá orðnir fjórir alls.

SPIL 11

Skemmtikrafturinn

Í RÚBERTU tek ég upp sem vestur:

Vestur

♠ ÁDG6

♥ ÁD82

♦ DG

♣ D103

Norður, mér til vinstri handar, vekur á einu grandi. Makker passar og suður stekkur beint í fjögur hjörtu. Hvað á ég að gera?

Ég var ekki undir þetta búinn. Með 18 háspilapunkta hafði ég fyrirfram væntingar um að spila geimsögn sjálfur, jafnvel slemmu. En þvert á móti hafa nú mótherjarnir meldað geim gegn mér. Og það sem meira er, allt bendir til þess að suðri sé fúlasta alvara með fjórum hjörtum.

Á ég að dobla eða passa? Það er opin spurning.

Suður ætti að vera með sexlit í hjarta og makker á þá eitt eða ekkert. Þar með fáum við sennilega bara tvo slagi á tromp. Spaðakóngurinn er án efa í blindum hjá grandopnararnum, sem þýðir að ég á ekki nema einn öruggan spaðaslag. Og drottningarnar í láglitunum eru ekki líklegar til stórafreka.

Nei, þrátt fyrir 18 punktana mína er alls ekki víst að við náum að taka fjögur hjörtu niður.

Skoðað frá öðru sjónarhorni, þá ættu mótherjarnir að fá slag á spaðakóng, fjóra á hjarta, og ÁK í báðum láglitum. Sem eru níu slagir á toppi. Dobl virðist því ekki sérlegur gróðavegur og gæti auðveldað sagnhafa að lesa spilið. Ég passa því.

Kauder	Norður	Austur	Suður
-	1 G	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Ég spila út ♠D og blindur kemur upp með:

Norður

♠ K973

♥ 753

♦ ÁK82

♣ ÁG

Vestur

♠ ÁDG6

♥ ÁD82

♦ DG

♣ D103

Sagnhafi tekur á tígulás og hendir strax spaða niður í tígulkóng. Svo tekur hann laufás og kóng og trompar lauf. Makker fylgir upp á við í laufinu, eins og hann hafi byrjað með fimmlit.

Sagnhafi spilar næst trompi úr borði á níuna heima og ég tek á drottninguna. Eins og við var að búast á makker ekkert hjarta og hendir laufi.

Nú er rétti tíminn til að púsla saman heildarmynd af spilinu. Sagnhafi byrjaði með sex hjörtu, einn tígul og þrjú lauf. Hann á þar af leiðandi þrílit í spaða og makker tvílit. Staðan er væntanlega þessi:

Norður

♠ K973

♥ 7

♦ 82

♣ -

Vestur

♠ ÁDG6

♥ Á82

♦ -

♣ -

Austur

♠ ??

♥ -

♦ 10976

♣ 9

Suður

♠ ??

♥ KG1064

♦ -

♣ -

Ef ég spila ♠Á og drottningu, tekur sagnhafi og spilar trompi. Ég fæ þá bara einn slag í viðbót á trompás. Nei, til að ná geiminu niður verð ég að koma makker inn svo hann geti spilað láglit og uppfært trompáttuna. Ég verð að spila ♠D og treysta á að makker eigi ♠10.

Ég spila ♠D og sagnhafi stingur upp ♠K og heldur áfram með trompið. Ég drep og spila undan ♠ÁG. Makker er svo vænn að eiga spaðatíuna og hann spilar tígli til baka, svo að ♥8 mín verður fjórði slagurinn.

Norður

♠ K973

♥ 753

♦ ÁK82

♣ ÁG

Vestur

♠ ÁDG6

♥ ÁD82

♦ DG

♣ D103

Austur

♠ 104

♥ -

♦ 1097643

♣ 97652

Suður

♠ 852

♥ KG10964

♦ 5

♣ K84

“Hvernig fannst þér vörnin, makker?” spyr ég stoltur.

“Ef ég á að vera alveg hreinskilinn, þá fannst mér hún svolítið máttleysisleg,” svarar austur.

“Hvað meinarðu,” segi ég móðagður.

“Spilari með bein í nefinu hefði kannski látið sér detta í hug að dubla með 18 grjótharða punkta og fjórlit í trompi,” svarar austur. “Þú kostar mig peninga.”

SPIL 12

Óþolinmóði maðurinn

ANDSTÆÐINGUR minn á hægri hönd er óþolinmaður maður. Hann er alltaf að reka á eftir spilamennskunni. Það er eins og hann þoli ekki nokkra töf.

Það eru allir á hættu og ég tek upp sem suður:

Suður

- ♠ 82
- ♥ KG62
- ♦ ÁKG107
- ♣ 72

Ég opna á einum tígli, og vestur, mér á vinsti hönd, stekkur í tvo spaða, sem er veik sögn. Makker melder glaðbeittur þrjú lauf og austur stynur út úr sér passi. Ég ítreka tígulinn með þremur tíglum, vestur passar og makker, sem er í hópi heimsins heppnustu spilara, hækkar í sex tígla.

Sagnir hafa gengið:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauder</u>
-	-	-	1 ♦
2 ♠	3 ♣	Pass	3 ♦
Pass	6 ♦	Pass	Pass
Pass			

Vestur kemur út með ♠K og makker er stoltur eins og hani þegar hann leggur upp þennan glæsilega blindan:

Norður

- ♠ Á4
- ♥ Á3
- ♦ D54
- ♣ ÁK9843

Suður

- ♠ 82
- ♥ KG62
- ♦ ÁKG107
- ♣ 72

Rangur samningur! Við eigum að vera í SJÖ tíglum, sem byggjast bara á 3-2 legu í laufi. Ef laufið liggur illa er ekki einu sinni víst að ég vinni sex tígla. Ég verð að skipuleggja spilamennskua með það fyrir augum að ráða við 4-1 legu í laufi.

Innkomutalning segir mér þá sögu að ég nái ekki að trompa tvö hjörtu í borði. Ég get trompað eitt, en það hjálpar mér lítt. Auk þess fórna ég innkomunni á laufvitinn ef ég fer að fikta við hjartatrompun.

Ég kem auga á tvær mögulegar spilaleiðir. Sú fyrri gengur út á það að gefa fyrsta slaginn, aftrompa mótherjana og fara svo í laufið, taka ÁK og trompa. Ef laufið fellur ekki, tek ég trompin til enda og vona að austur lendi í kastþröng með drottningu fjórðu í hjarta til hliðar við laufvaldið.

Hin hugmyndin er að taka bara tvisvar tromp, spila næst ♣ÁK og trompa lauf. Nota svo innkomuna á þriðja trompið til að fría laufið. Þessi leið virkar ef vestur á tvílit í trompi og eitt lauf.

Hvor leiðin skyldi vera betri? Ég á nokkuð erfitt með að gera upp á milli þeirra, en þó höfðar sú síðarnefnda meira til mín, því fyrri leiðin byggist á svíningu til viðbótar við ákveðna legu. En ég ætla aðeins að bíða með að ákveða mig og hugsa mig betur um.

Fram til þessa hef ég varla eytt meira en mínútu í spilið, en þó er austur þegar farinn að sýna skýr merki um óþolinmæði.

“Farðu nú að koma þér að verki,” segir hann pirraður, “Það getur varla verið mikið vandamál að vinna sex tígla með þennan blindan.”

Ég vona sannarlega að hann hafi rétt fyrir sér. Alla vega getur ekkert kostað að dúkka spaðakónginn. Hver veit? Kannski skiptir vestur yfir í hjarta. Nei, vestur spilar spaða áfram í öðrum slag.

Ég spila ás og gosa í trompi og báðir fylgja lit, en austur lætur níuna. Það er áhugavert! Óþolinmæði austurs bendir til að hann sé ekki að hugsa mikið um vörnina. Hann er því EKKI að blekkja með níunni.

Ef einhver er með einspil í laufi, þá er það vestur. Og úr því að vestur er með síðasta trompið, tíguláttuna, þá mun síðari leiðin ekki heppnast. Ég spila því upp á fyrri möguleikann, þvingun á austur.

Norður

- ♠ Á4
- ♥ Á3
- ♦ D54
- ♣ ÁK9843

Vestur

- ♠ KDG1065
- ♥ 975
- ♦ 863
- ♣ D

Austur

- ♠ 973
- ♥ D1084
- ♦ 92
- ♣ G1065

Suður

- ♠ 82
- ♥ KG62
- ♦ ÁKG107
- ♣ 72

Ég tek þriðja tígulinn og austur hendir spaða, eins og ég bjóst við. Laufið reynist vera 4-1, en austur ræður ekki við þrýstinginn ég tek síðasta trompið. Hann hendir hjarta og ég fæ fjóra slagi á litinn.

Austur er æstur, honum finnst ósanngjarnt að slemman skyldi vinnast á svíningu og þvingun:

“Við skulum reyna að halda áfram,” segir hann og við gefum næsta spil til að halda honum rólegum.

SPIL 13

Andstyggilegi maðurinn

ANDSTÆÐINGUR minn á hægri hönd er nýbúinn að kalla á keppnistjóra út af smámáli. Makker mínum láðist að vara við svári mínu á tveimur tíglum á móti alkröfu:

Vestur	Norður	Austur	Kauder
-	2 ♣	Pass	2 ♦

Keppnissjóri!

Hvernig geta menn verið svona smásálarlegir? Þetta er fáránlegt, ekki síst af því við erum að spila í landskeppni, þar sem allir þátttakendur eru reyndir spilarar. Það er eins og sumt fólk njóti þess að vera ókurteist.

Í næsta spili tek ég upp sem suður:

Suður

♠ ÁKDG42

♥ 52

♦ K

♣ ÁK96

Enginn á hættu. Vestur vekur á fjórum hjörtum. Það er passað til mín og ég segi fjóra spaða. Við erum kannski að missa slemmu, en ég get ekkert annað sagt. Allir passa fjóra spaða.

Sagnir hafa gengið:

Vestur	Norður	Austur	Kauder
4 ♥	Pass	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Vestur kemur út með ♥K og blindur leggur niður:

Norður

- ♠ 75
- ♥ 973
- ♦ ÁG64
- ♣ 7542

Suður

- ♠ ÁKDG42
- ♥ 52
- ♦ K
- ♣ ÁK96

Vestur tekur tvo slagi á háhjarta og spilar því þriðja. Austur fylgir tvisvar, en hendir ♦7 í það þriðja. Ég trompa með *spaðaffarka* og tek tvisvar spaða. Vestur á bara eitt tromp.

Maður þarf að gæta sín í svona spilum, að sofna ekki á verðinum, því tíu slagir eru auðteknir ef laufið kemur 3-2. Spurningin ætti því að vera: get ég unnið fjóra spaða ef laufið er 4-1?

Eigi austur fjórlit í laufi er þvingunarmöguleiki ef hann er líka með ♦D. En einhvern veginn þykir mér það ólíklegt í ljósi þess hvað austur var snöggur að henda tígli í þriðja hjartað. Hann hefði hugsað sig betur um með skiptinguna 4-2-3-4 og ♦Dxx.

En hvað ef vestur á fjórlit í laufi. Er þá von? Skipting hans væri þá 1-6-2-4, og austur væri með 4-2-6-1.

Í því tilfelli gæti ég kannski endaspilað austur og neytt hann til að spila upp í ♦ÁG. Já, það gengur upp! Og satt best að segja, þá vona ég að laufið liggi illa, því mun njóta þess að vinna spilið á þennan máta.

Ég tek einu sinni tromp í viðbót og skil austur eftir með eitt. Síðan tek ég tígukóng og ♣ÁK. Ef laufin falla, mun ég taka síðasta trompið og gefa laufslag.

En laufin brotna 4-1 eins og ég var að vona. Austur horfir lengi rannsakandi á laufkónginn, en ákveður svo að henda tígli. Nú, jæja - það mun ekki bjarga honum. Ég spila spaðatvísti og austur fær slaginn á tíuna. Hann á ekkert eftir nema tígul og verður að spila upp í ÁG í borði. Ég hendi tveimur laufum og vinn fjóra spaða.

Þótt austur hafi ekki haft fyrir því að afblökera í trompinu þá er ég forvitinn að kanna hvort það hafi verið nauðsynlegt hjá mér að geyma spaðatvistinn. Þegar búið er að skrá niðurstöðuna tek ég spil austurs úr bakkanum og sé að hann átti þristinn. Jú, það var nauðsynlegt að trompa með fjarkanum.

Norður

♠ 75
♥ 973
♦ ÁG64
♣ 7542

Vestur

♠ 6
♥ ÁKDG104
♦ 85
♣ DG108

Austur

♠ 10983
♥ 86
♦ D109732
♣ 3

Suður

♠ ÁKDG42
♥ 52
♦ K
♣ ÁK96

“Keppnisstjóri,” öskrar austur. Hvað gengur á? Hvers vegna er austur svona reiður? Keppnisstjórinn kemur.

“ÞESSI MAÐUR,” segir austur og bendir á mig, “tók spilin mín úr bakkanum án þess að biðja um leyfi.”

Keppnisstjórinn bendir mér á að ég hefði átt að kalla hann að borðinu til að fylgjast með á meðan ég skoðaði hönd austurs.

“Þetta er hárrétt hjá þér og ég biðst afsökunar,” segi ég við austur. En ég get ekki varist þeirri hugsun að austur sé óvenju ógeðfelldur maður. Allir almennilegir menn hefðu nægan höfðingskap til að bera til að umlíða þetta “brot” mitt.

SPIL 14

Gagnrýninn makker

ALLTAF þegar ég spila rúbertubrids legg ég mig fram um að gagnrýna ekki makker minn. Engum skín gott af því nema mótherjunum. Makker tekur gagnrýni illa, verður æstur og missir einbeitingu og það kemur fram í næstu spilum. Og bitnar á mér.

Makker minn í þessari rúbertu er á annarri skoðun. Hann sér mann aldrei í friði og er enn að skammast yfir vörninni í síðasta spili þegar ég tek upp í suður:

Suður

- ♠ ÁD109652
- ♥ G3
- ♦ 654
- ♣ 2

Við erum á hættu gegn utan. Makker vekur á laufi og á meðan ég íhuga með sjálfum mér hvort betra sé að svara á einum spaða eða þremur spöðum, þá stekkur austur, mér á hæri hönd, í fjögur hjörtu.

Hvað nú? Það er erfitt að meta þetta spil. Ef makker er með mjúk gildi í laufinu og mannsþil í hjarta er líklega best að verjast. Á hinn bóginn gæti makker verið með spaðakóng og styrk í tígli, en þá eigum við heima í fjórum spöðum.

Austur fær ekki að vaða yfir mig. Ég er að spila brids í fyrsta sinn. Nei, ég segi fjóra spaða. Vestur doblar samstundis og það rennur upp fyrir mér að ég hef tekið slæma ákvöðun.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauser</u>
-	1 ♣	4 ♥	4 ♠
Dobl	Pass	Pass	Pass

Vestur spilar út ♥4 og blindur kemur mér ekki þægilega á óvart:

Norður

- ♠ 87
- ♥ K6
- ♦ Á72
- ♣ KDG976

Suður

- ♠ ÁD109652
- ♥ G3
- ♦ 654
- ♣ 2

Frábært! Þetta stefnir í fjóra niður á hættuni og það er ekki að sjá að 4♥ vinnist einu sinni í hina áttina. Af hverju þurfti ég endilega að segja fjóra spaða?

Austur tekur tvo fyrstu slagina á hjarta og vestur sýnir tvílit með tvistinum. Austur skiptir síðan yfir í tíguldrottningu, vestur kallar með tíunni og ég dúkka. Austur spilar tígli áfram og nú tek ég með ásnum.

Er einhver leið að bjarga slag? Hver vanslagur kostar 300-kall. Ég þarf að vanda mig. Ef austur á laufás og ekki fleiri tígla þá gæti ég kannski losnað við einn tapslag í tígli. En fyrst verð ég að taka af honum útgönguspilið.

Ég spila spaða á ásinn og austur fylgir með fjarka og vestur með þristi. Síðan spila ég laufi á kónginn og austur tekur með ás. Austur á ekki tígul til og velur að spila hjarta. Ég get þá hent tígulhundi heima og slepp þannig þrjá niður, mínus 800 í staðinn fyrir 1100. Þvílíkur árangur!

Norður

♠ 87
♥ K6
♦ Á72
♣ KDG976

Vestur

♠ KG3
♥ 42
♦ K10983
♣ 854

Austur

♠ 4
♥ ÁD109875
♦ DG
♣ Á103

Suður

♠ ÁD109652
♥ G3
♦ 654
♣ 2

Spilarar eru gjarnir á að missa einbeitinguna þegar þeir lenda í slæmum samningi og reyna þá ekki að bjarga því sem bjargað verður. Það er ekki gott að tapa 800, en þó skárri en að tapa 1100.

“Hefðum við ekki getað hnekkt fjórum hjörtum,” nöldrar makker. “Hefði það ekki verið betra en að gefa út 800?”

“Jú,” svara ég. “Við gátum tekið fjögur hjörtu niður. Þakka þér fyrir að benda mér á það. Það hafði alveg farið framhjá mér.” Næst þegar ég spila við þennan gaur þá fer ég 1100 niður.

“Við skulum halda áfram,” segi ég, og geri mér grein fyrir að norður hefur komið mér í alveg rétta skapið til að vera makker hans í næsta spili.

SPIL 15

Einræktað bridsflón

MÓTHERJI minn á hægri hönd er ákafur bridsspilari, sem sleikir upp öll mót. Hún er líka einræktað bridsflón, ófær um sjálfstæða hugsun, en vel þjálfuð í að japla á kreddum úr mótalífinu.

Ég er í vestur og tek upp:

Vestur

- ♠ 65
- ♥ KG2
- ◇ 6542
- ♣ 10653

Suður, mér til hægri handar, vekur á einum tígli, ég passa og norður svarar á spaða. Makker segir ekkert frekar en ég og NS enda í þremur gröndum:

<u>Kauder</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ◇
Pass	1 ♠	Pass	2 ♠
Pass	3 ♥	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Mitt er að spila út. Lauf er ósagði liturinn, en áður en ég spila þar út ætla ég að íhuga þessar sagnir. Hvernig er skiptingin við borðið?

Skipting Norðurs: Úr því að norður segir spaðann á undan hjartanu lítur út fyrir að hann sé með fimm spaða og fjögur hjörtu. Hann passaði þrjú grönd og það bendir til að hann sé með 2-2 í láglitunum. Sennilega á norður skiptinguna 5-4-2-2 og háspil í laufi, því með tvo hunda hefði hann vafalítið valið fjóra spaða frekar en þrjú grönd.

Skipting Suðurs: Suður virðist eiga bara þrjá spaða. Úr því að suður opnaði á tígli, frekar en laufi, þá á hún vafalítið fjóra eða fimm tíglu. Suður hefði getað sagt grand við spaðasvarinu, en hún kaus að hækka í tvo spaða, þrátt fyrir þrílit. Þar með er líklegt að hún sé með smátt tvíspil í hjarta (eða stakt mannsþil) og eitt eða tvö háspil í spaða. Skipting suðurs ætti að vera 3-2-5-3, 3-2-4-4 eða jafnvel 3-1-5-4.

Þrjú grönd spilast vafalítið vel fyrir sóknina. Vanti sagnhafa háspil inn í tígulinn eru þau hjá makker og liggja fyrir svíningu. Og spaðinn fellur 3-2, svo það er líklegt að sagnhafi eigi þar 4-5 slagi. Í stuttu máli: þó að lauf sé kannski lengsti sameiginlegi litur varnarinnar er alltof hægfara að ráðst þar til atlögu. Sóknin á örugglega a.m.k. tvær fyrirstöður í laufi og báðir líflitir sagnhafa þurfa litla vinnslu. Nei, við fríum enga slagi á lauf.

Ætti ég þá að spila hjarta? Það er ljóst að suður er veikur fyrir í hjarta og svo virðist sem makker eigi minnst fjórlit. Hjarta er því betra útsþil en lauf. En *hvaða* hjarta?

Lítið hjarta gæti stíflað litinn, svo það er spurning um kóng eða gosa. Gosinn heppnast vel ef staðan er:

	Norður	
	♡ D843	
Vestur		Austur
♡ KG2		♡ Á1076
	Suður	
	♡ 95	

Hér tryggir gosinn út fjóra slagi, en með kóng út fást bara þrír. Í rúbertubrids myndi ég spila út gosanum, sem bestu tilraun til að ná spilinu niður, en þetta er tvímenningur og þá er oft nóg að taka bara fleiri slagi en salurinn - það þarf ekki endilega að taka samninginn niður. Og kosturinn við kónginn er sá að suður gæti hæglega verið með staka drottningu.

Ég spila út kóngnum og það reynist vel til fundið ...

Norður

♠ ÁG943

♥ Á984

♦ D8

♣ K7

Vestur

♠ 65

♥ KG2

♦ 6542

♣ 10653

Austur

♠ K87

♥ 107653

♦ K9

♣ D82

Suður

♠ D102

♥ D

♦ ÁG1073

♣ ÁG94

Við höldum sagnhafa í tíu slögum, en með öðru útspili fengi hann tólf.

Þegar lotunni lýkur kemur kunningi minn að máli við mig og segir að einræknaða bridsflónið sé að breiða það út um allan sal að ég hafi svindlað með því að spila út hjartakóng - ég hlyti að hafa séð spilið á öðrum borðum.

Ég fyllist réttlátri reiði, enda kærir sig enginn um að vera ásakaður um svindl. Sem lögmaður íhuga ég alvarlega að fara í mál við flónið, en hverf fljótlega frá þeirri hugmynd.

Ómerk eru ómagans orð.

SPIL 16

Ástarsaga

EINN spilarinn í Cavendish-klúbbnum er ung og ægifögur kona. Ég er orðinn ástfanginn af henni. Hún er einhverjum árum yngri en ég. En mér er sama. Um leið og þetta spil er yfirstaðið þá ætla ég að bjóða henni út. Ég tek upp þessi spil í rúbertu:

Suður

- ♠ 65
- ♥ ÁK1074
- ♦ D65
- ♣ K97

Ég er í suður og opna á einu hjarta. Vestur passar og makker stekkur í þrjú grönd, sem við spilum sem sterka hækkun í hálit. Ég á ekkert aukalega og melda því fjögur hjörtu, vestur passar og makker hækkar í sex hjörtu, sem allir passa:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauper</u>
-	-	-	1 ♥
Pass	3 G	Pass	4 ♥
Pass	6 ♥	Pass	Pass
Pass			

Vestur spilar út spaðadrottningu og norður leggur niður:

Norður

- ♠ ÁK7
- ♥ 8532
- ♦ ÁK8
- ♣ Á108

Suður

- ♠ 65
- ♥ ÁK1074
- ♦ D65
- ♣ K97

Ég drep á spaðaás og spila ♥ÁK. Vestur fylgir einu sinni, en hendir svo spaða, þannig að austur á slag á tromp.

Áætlun mín er að hreinsa upp tígul og spaða og senda svo austur inn á tromp og neyða hann til að opna laufið. Þá gef ég engan slag á litinn ef litlu hjónin eru skipt.

En hvorn litinn á ég að hreinsa upp fyrst - spaðann eða tígulinn? Ef ég byrja á tíglinum og austur er með tvíspil, þá getur hann komist hjá innkastinu með því að trompa þriðja tígulinn og spila spaða.

Ég ætla því að byrja á spaðalitnum.

Ég spila spaðakóng og trompa spaða. Austur fylgir lit. Síðan tek ég þrjá efstu í tígli og vestur hendir spaða í þriðja tígulinn. Austur hefur þá byrjað með fimmlit í tígli.

Áður en ég sendi austur inn á trompdrottningu ætla ég að staldra við og reyna að átta mig á skiptingunni. Austur byrjaði með þrjá spaða, þrjú hjörtu og fimm tígla. Hann á því bara tvö lauf.

Úr því að austur á bara tvö lauf þá breyti ég um áætlun. Í stað þess að spila hjarta og láta austur opna laufið, þá tek ég ♣Á-K.

Norður

♠ ÁK7
♥ 8532
♦ ÁK8
♣ Á108

Vestur

♠ DG1083
♥ 6
♦ 94
♣ DG543

Austur

♠ 942
♥ DG9
♦ G10732
♣ 62

Suður

♠ 65
♥ ÁK1074
♦ D65
♣ K97

Síðustu spil austurs eru hjartadrottning og tveir tíglar. Ég spila hjarta og neyði austur til að spila tígli, sem gerir mér kleift að trompa heima og henda laufi úr blindum - eða öfugt.

	Norður	
	♥ 8	
	♣ 10	
Vestur		Austur
♠ G		♦ G10
♣ D		Austur á út.
	Suður	
	♥ 10	
	♣ 9	

Að spilinu loknu sný ég mér að ástinni minni og segi umbúðalaust: “Mér þykir mjög vænt um þig. Heldurðu að þú væri tilbúin til að snæða með mér hádegisverð eða jafnvel kvöldverð einhvern tíma?”

“Þakka þér kærlega fyrir gott boð,” segir hún, “en ég er á föstu með strák. Hins vegar held ég að mamma væri alveg sú rétta fyrir þig. Myndirðu vilja fara með mömmu á stefnumót?” spyr hún.

SPIL 17

Bréf til sambandsins

VETURINN 1962-63 vann ég á skrifstofu bridssambandsins í New York og hafði þann meginstafa að svara pósti. Smátt og smátt rann það þó upp fyrir mér að ég hafði meira upp úr því að spila rúbertubrids í klúbbunum og þá sagði ég upp þessari ágætu vinnu.

Kæri lesandi. Þegar ég búinn að fjalla um spilið sem á eftir kemur, þá mun ég segja þér frá eftirminnilegu bréfi sem mér barst í starfi mínu sem skrifstofumaður hjá bandaríska bridssambandinu.

En hér er spil þar sem ég vel leið sem gefur mótherjum mínum tilefni til að gera mistök.

Þetta er í tvímenningi, NS á hættu. Ég er í suður og tek upp:

Suður

♠ Á10986

♥ Á42

♦ K

♣ ÁDG8

Austur, sem er mér á hægri hönd, vekur á þremur hjörtum. Það er þirrandi.

Hvað á ég að segja?

Ég er of sterkur til að passa og mér líst ekki á úttektardobl með ein-spil í tígli. Þrír spaðar er skásta sögnin. Vestur passar og makker, fullur orku, stekkur í fjögur grönd, Blackwood. Austur passar og ég sýni þrjá ása með fimm spöðum. Makker spyr næst um kónga, ég sýni einn, sem dugir makker til að segja alslemmu í spaða.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Kauder</u>
-	-	3 ♥	3 ♠
Pass	4 G	Pass	5 ♠
Pass	5 G	Pass	6 ♦
Pass	7 ♠	Allir pass	

Vestur kemur út með ♥7 og norður leggur upp:

Norður

- ♠ KG43
- ♥ K
- ♦ ÁD983
- ♣ K42

Suður

- ♠ Á10986
- ♥ Á42
- ♦ K
- ♣ ÁDG8

Ég vildi að ég væri í sjö gröndum, því þá gæti ég frestað spaðaíferðinni. En nú verð ég að finna trompdrottninguna strax.

Hvernig á ég að gera það?

Austur er líklegur til að vera með stuttan spaða, svo það virðist rökrétt að taka á trompásinn og svína síðan gosanum. En ekkert liggur á. Ég get gefið vestri tækifæri til að misstíga sig. Í öðrum slag spila ég spaða á ás og trompa hjarta í borði. Fer svo heim á ♦K og spila ♥Á.

Vestur er orðinn hjartalaus og ætti auðvitað að henda tígli eða laufi. En vestur bítur á agnið og trompar hjartaásinn með hundi.

Norður

- ♠ KG43
- ♥ K
- ♦ ÁD983
- ♣ K42

Vestur

- ♠ 52
- ♥ 75
- ♦ G10542
- ♣ 10973

Austur

- ♠ D7
- ♥ DG109863
- ♦ 76
- ♣ 65

Suður

- ♠ Á10986
- ♥ Á42
- ♦ K
- ♣ ÁDG8

Ég yfirtrompa í borði og felli svo ♠D austurs í næsta slag.

Þetta voru afleit mistök hjá vestri, því miðað við sagnir og blindan gat hvergi verið tapslagur nema á tromp. En ekki þar fyrir - spilarar gera sig oft seka um hræðileg mistök ef þeir fá tækifæri til.

Og núna, kæri lesandi, þá ætla ég að efna loford mitt og segja þér frá bréfi einu sem mér barst sem starfsmaður á skrifstofu bridssambansins fyrir löngu síðan. Það var frá konu sem hafði nýverið misst föður sinn. Maður sá fyrir sér táraflóðið þegar hún skrifaði þessar línur:

“Faðir minn féll nýlega frá. Ég vil vinsamlegast biðja ykkur um að geta hans í viðeigandi minningardálki í mánaðariti sambandins. En meðal annarra orða - get ég erft meistarastigin hans?”

SPIL 18

Risaeðlan

Á menntaskólaárum mínum átti enginn reiknivél. Allir notuðu reiknistokka. Og auðvitað átti enginn tölvu, þráðlausan síma eða vídeótæki. Þessar vörur sáu fyr st dagsins ljós eftir að skólagöngu minni lauk.

Bridge hefur líka breyst síðan ég var í menntó. Nýjar sagnvenjur hafa rutt sér til rúms í hundradavís. En úrspilstæknin er enn við það sama.

Við makker rennum okkur í 6♠ upp á gamla mátann:

Norður

♠ Á93
♥ 74
♦ G10965
♣ ÁKG

Suður

♠ KG842
♥ ÁK
♦ ÁD
♣ D1043

Vestur	Norður	Austur	Kauder
-	1 ♦	Pass	1 ♠
Pass	2 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♥	Pass	5 G
Pass	6 ♦	Pass	6 ♠
Pass	Pass	Pass	

Vestur spilar út ♥G og ég sé strax að þetta er rangur samningur. Sex grönd er betra spil. En ég er í 6♠ og sú slemma ætti að vinnast ef ♦K liggur rétt, eða ef spaðinn 3-2 með drottningunni í austur.

Ég fer inn í borð á ♣K í öðrum slag og spila tígli á drottningu. Hún heldur.

Úr því að ég er svo heppinn í tíglinum, þá hef ég efni á smá svartsýni í trompinu. Ég tek á ♠K og allir fylgja. Næst spila ég spaða að blindum. Vestur setur lítinn spaða og ég læt ♠9 duga.

Norður

♠ Á93
♥ 74
♦ G10965
♣ ÁKG

Vestur

♠ D1075
♥ G1093
♦ 74
♣ 975

Austur

♠ 6
♥ D8652
♦ K832
♣ 862

Suður

♠ KG842
♥ ÁK
♦ ÁD
♣ D1043

Austur má fá slaginn á tíu eða drottningu, því þá brotnar trompið 3-2. En í reynd hendir austur í spaðaníuna. Ég tek þá spaðaásinn og gef vestri um síðir einn slag á tromp.

Lykilatriðið er að byrja á því að svína í tígli. Heppnist svíningin er hægt að spila trompinu af öryggi, en ef svíningin misheppnast verður að spila trompinu með það fyrir augum að gefa engan slag, en þá er best að taka á ásinn og svína gosanum (sem dugir ef austur er með Dx eða Dxx).

Með því að taka fyrst á kóng og spila svo að ♠Á9 er engu fórnað þótt austur reynist eiga ♠D10xx. Hann mun bara fá einn slag, því sagnhafi drepur með ás og spilar næst AÐ gosanum.

Eftir að hafa spilað rúbertubrids í nokkra klukkutíma fer ég heim í hreiðrið mitt og tek til við að lesa bók um *Tölvur fyrir fábjána* (Computers For Dummies). Það er erfið bók. Eftir klukkustundar lestur legg ég bókina frá mér og slekk á tölvunni. Mér líður eins og risaeðlu frá öðru tímaskeiði.

En ég læt þetta ekki slá mig út af laginu. Ég hef alla vega náð góðum tókum á fjarstýringunni fyrir sjónvarpið mitt.